

# Pylsugerðin

Pylsugerðin ehf hefur verið starfandi síðan í ágúst 2012 og í dag eru 12 meðlimir í hópnum en nokkuð hefur bæst í frá stofnun. Hugmyndin af þessum hóp varð til þegar einn meðlimurinn fékk myndarlega hrærivél í jólagjöf og með fylgdi pylsugerðarstútur. Vinahópurinn hefur mikinn áhuga á spennandi matargerð og eru miklir matgæðingar svo pylsugerð var rökrétt áframhald.

Matarboð pylsugerðarinnar eru misstór og fer það eftir fjölda þeirra sem sjá sér fært að mæta og oft er heiðursgestum boðið að koma og taka þátt í pylsugerð með okkur, allt frá því að hræra í deigið, þjappa í garnir og að lokum borða gómsætar pylsur. Í pylsurnar setjum við það sem við kjósum hvert skipti. Við höfum til dæmis verið með Miðjarðarhafspylsur, hreindýrapylsur, beikon og hlýnsýrópspylsur, epla-, peru- og bjáberjapylsur og indverskar pylsur svo dæmi séu nefnd.

„International restaurant day“ er dagur þar sem einstaklingar opna heimili sín og bjóða gestum og gangandi að koma og njóta spennandi matar. Við komum auga á þennan viðburð og ákváðum fljótlega að stofna eins dags pylsuveitingahús í íbúð í Vesturbænum. Upphaflega átti viðburðinn okkar að vera smár í sniðum og nánustu vinir og fjölskylda gestir okkar. Fljótlega sáum við það að áhuginn væri meiri en bara meðal fjölskyldunnar og var tekin sú ákvörðun að fara með þetta alla leið. Ákváðum við strax að við myndum nota tækifærið og safna peningum fyrir gott málefni og geðdeild varð fyrir valinu. Mörg fyrirtæki voru tilbúin að gefa okkur hráefni svo sem kjöt, garnir og drykkjarföng og erum við mjög þakklát fyrir það. Á endanum gerðum við yfir 100 metra af pylsum, hrásalat, sósur og pylsubrauð. Á þeim tveim tímum sem við höfðum opið komu um 150 manns sem gáfu samtals 90 þúsund krónur. Fyrir þá upphæð höfum við keypt ömmustól, skiptiborð og dýnu, útvörp skrautmuni, teppi, púða og lampa. Fyrirtækin sem við versluðum við, Óliver og Ólafía, Elko og Ikea, gáfu helming til móts við okkur svo andvirði gjafanna er á endanum 180 þúsund krónur.

Við erum afskaplega ánægð með alla þá aðstoð sem við höfum fengið frá fyrirtækjum og öllum þeim gestum sem komu og borðuðu hjá okkur pylsur. Einnig erum við þakklát starfsmönnum geðdeildar sem vinna þar frábært starf og vildum við með þessu sýna það í verki.

Mars 2014

Meðlimir hópsins eru:

Auður Alffía Ketilsdóttir

Bjarki Bragason

Gunnar Helgi Guðjónsson

Hafþór Óskarsson

Hildur Steinþórsdóttir

Jason Doyle

Rúna Thors

Sigurbjörg Birgisdóttir

Tryggvi Jónsson

Unnsteinn Jóhannsson

Þormóður Dagsson

Þórunn Hannesdóttir